



SKÝRSLA STJÓRNAR 2026

KÆRLEIKSSAMTÖKIN fta
almannaheillafélag

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	2
BREYTINGAR Á LÖGUM FÉLAGSINS	3
STARFSEMIN YFIR ÁRIÐ	3
REKSTRARYFIRLIT	4
FJÁRÖFLUN OG STYRKIR	6
FRAMTÍÐARSÝN - ÞREPASKIPT ÁFANGAHEIMILI.....	6
NIÐURLAG	7

INNGANGUR

Á árinu 2025 stóð pennasalan upp úr þar sem safnað var fyrir þrepaskiptu áfangaheimili sem samanstendur af dagsetri, félagsheimili og áfangaheimili.

Með hverjum penna var afhentur bæklingur um samtökin, þrepaskipt áfangaheimili og hvað við erum að safna miklu til að geta komist í hús.

Formaður gaf út 3ju bókina sína.

Mannréttindaflokkur Kærleikssamtakanna – Mannréttindaflokkurinn var stofnaður á árinu.

Formaður Sigurlaug Guðný Ingólfssdóttir

BREYTINGAR Á LÖGUM FÉLAGSINS

Smávægilegar breytingar voru gerðar á orðalagi í lögum félagsins á aðalfundi 2025.

STARFSEMIN YFIR ÁRIÐ

Bækurnar sem formaður hefur skrifað og byrjaði að gefa út árið 2018 voru auglýstar í Bókatiðindum og voru kynntar á útgáfuhófi um vorið þar sem 3ja bókin var gefin út. Sameiginlegur upplestur með öðrum höfundum var haldinn fyrir jólin. Bækurnar fóru í sölu hjá Pennanum/Eymundsson í Austurstræti, Smáralind, Ísafirði og Akureyri, einnig hjá Betra Líf í Kringlunni og Gjafir jarðar á Laugarveginum. Unnið var að því að koma sölusíðu Sjálfshjálp bókaútgáfu upp.

Pennasalan stóð upp úr á árinu. Með henni er verið að safna 24 milljónum sem er áætlaður startkostnaður fyrir alla þrjá staðina sem tilheyra þrepaskiptu áfangaheimili, þ.e. dagsetur, félagsheimili og áfangaheimili.

Frá upphafi, þ.e. desember 2024, hafa alls safnast 9.538.622 kr.

Alls hafa selst 2.723 pennar fyrir 8.158.000 kr.

Styrkir sem komu inn samhliða pennasölunni námu 1.380.622 kr.

Þegar búið er að draga frá allan kostnað standa eftir 6.499.537 kr. – þar af eru eftirstöðvar af pennasölunni 5.118.915 kr. á lokaðri safnbók.

Auk þess komu inn styrkir upp á 190.000 kr. sem fólk lagði inn á reikninginn fyrir dagsetri. Einn aðili hefur gerst mánaðarlegur styrktaraðili í gegnum vefsíðuna og aðrir 3 hafa lagt inn mismunandi upphæðir mánaðarlega síðan um mitt árið 2025.

Pennasalan var haldinn mánaðarlega allt árið en verður árleg sala 2026.

Haldnir voru 5 félagsfundir á árinu og 3 stjórnarfundir. 5 samstarfsfundir voru haldnir undir lok ársins, 4 með Samtök um karlaathvarf og 1 með Bataakademíunni.

Þar sem kennitala Mannréttindaflokksins kom í desember var ákveðið að opna reikninga fyrir flokkinn í byrjun 2026.

Tilgangur Mannréttindaflokksins er að bjóða fram til Alþingis og/eða sveitastjórna. Markmiðið er að starfa á grundvelli mannréttinda fyrir land og þjóð. Stuðla að samstarfi við einstaklinga, félagasamtök og stjórn málaflakka með mannréttindahugsjón sem nær til allra þátta samfélagsins.

REKSTRARYFIRLIT

Kærleikssamtökin leggja hér fram lykiltölur úr ársreikningum fyrir árið 2025 með skýringum fyrir neðan.

Lykiltölur úr ársreikningum		
	2025	2024
Tekjur:		
Félagsgjöld	104	105
Styrkir	1.430	503
Aðrar tekjur	0	0
Vörusala bækur	173	12
Vörusala pennar	7.226	1.018
Samtals:	8.933	1.638
Gjöld:		
Vörunotkun bækur	642	0
Vörunotkun pennar	656	0
Skrifstofukostnaður	1.049	499
Annar rekstrarkostnaður	1.437	665
Samtals:	3.784	1.164
Rekstrarafkoma:	5.148	474
Fjármagnstekjur- og gjöld	194	17
Afkoma ársins:	5.343	490
Eignir:	6.494	1.123
Skuldir:	4.157	4.128
Eigið fé:	2.337	(3.006)

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar:

Aðrar tekjur er t.d. dósasöfnun.

Vörusala er sala bóka sem félagið fær allan ágóða af og sala á styrktarvöru til fjáröflunar fyrir ákveðið verkefni.

Vörunotkun eru kaup á bókum og styrktarvöru fyrir fjáröflun.

Skrifstofukostnaður eru ritföng ásamt hugbúnaðarleyfum og tölvukerfi.

Annar rekstrarkostnaður er eldsneyti, styrkir og gjafir, aðkeypt þjónusta v/ söfnunar, ýmis kostnaður (v/ funda), gjaldfærð áhöld (keyptir hlutir fyrir félagið), auglýsingar, námskeið, og bankakostnaður.

Kröfur fyrir þjónustu gagnvart einum aðila frá árinu 2020, 2.966.000 kr., voru niðurfærðar í rekstrargjöldum á árinu 2022. Með því fór eigið fé í -3.775.000 kr. Því er eigið fé minna en hefði verið ef þessir reikningar hefðu verið greiddir.

Skuldir eru við þrjá aðila; lán formanns til félagsins og lán frá einum aðila frá árinu 2020 greiddast niður þegar færi gefst, þá eingöngu af öðrum tekjum en beinum styrkjum, þar sem gert er ráð fyrir þeim í fyrirfram ákveðin verkefni. Hvorug skuldin safnar vöxtum eða er til innheimtu hjá innheimtufyrirtæki. Þá eru útgefnir viðskiptareikningar í desember 2025 fyrir þjónustu sem félagið kaupir en sem greiddast í janúar 2026.

Samtökin eiga ýmsa lausahluti sem er í geymslu sem stendur. Flest allt eru gjafir til samtakanna og eru m.a. notaðir til að styðja við félagsmenn. Er því um að ræða hluti sem koma og fara án endurgjalds og er ekki sérstaklega haldið utan um þá.

Kærleikssamtökin hafa hingað til ekki haft starfsmann á launaskrá og hefur allt starf verið unnið í sjálfboðavinnu. Ársverk (starfsgildi) árið 2025 voru u.þ.b. 2 hjá formanni og stjórnarmönnum.

Minnt er á að allt starf félagsins, eins og fjallað er um í skýrslu stjórnar 2022, hefur byggst mest á samstarfi við einstaklinga í formi sjálfsstyrkingar, verkefnaöppu, viðtölum, bréfaskriftum, aðstoð við daglegar athafnir og leitast hefur verði eftir samstarfi við önnur félagasamtök og stjórnámálaflokka. Allt starf hefur verið unnið í sjálfboðavinnu. Formaður félagsins hefur lagt út fyrir nauðsynlegum kostnaði, sem hefur verði skráð sem lán og er þannig skuld við formann.

Þá skiptir máli að geta litið á sýn félagsins út frá mannréttindakerfi og heildarlausnum þeirra – sem er að koma fram með samstarf byggt á nýrri hugsjón, nýrri nálgun og nýrri útfærslu og vera leiðandi í samstarfi milli ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka með það markmið að fjármagn til félagasamtaka verði sjálfkrafa í meira samræmi við framlag og starfshlutföll þeirra. Það að félög sinni starfi árum saman í sjálfboðavinnu, sem m.a. hið opinbera á að sinna lögum skv. og allt gert til að greiða ekki krónu og hindra starf þeirra með ýmsu móti – getur ekki talist í lagi. Félög með skýra stefnu og sem starfa í þágu almennings eiga sjálfskrafa að fá fjármagn, alveg eins og t.d. stjórnámálaflokkar gera.

FJÁRÖFLUN OG STYRKIR

Félagsgjöld og styrkir félagsmanna og að hluta til styrkir óháðra aðila eru notaðir í daglegan rekstur félagsins.

Sala á styrktarvöru og styrkir sem safnast í sérstöku söfnunarátaki fyrir þrepaskipt áfangaheimili (dagsetur, áfangaheimili og félagsheimili) fer inn á sér reikning og er eingöngu notað í það verkefni.

Vissulega hefur umfang rekstrarstarfs félagsins í tölum verið lítið. Eins og fram kem í skýrslu stjórnar 2022 hefur starf samtakanna að mestu farið fram út á götu með einstaklingum. Aðrar ástæður er fjárskortur, húsnæðisskortur og skortur á vinnuafli til að byggja starfsemina upp.

FRAMTÍDARSÝN - ÞREPASKIPT ÁFANGAHEIMILI

Eins og fram hefur kemur er verið að undirbúa opnun dagseturs og félagsheimilis með starfsstöðvum. Dagsetrið er ætlað heimilislásum karlmönnum í neyslu. Þar er ráðgert að bjóða upp á kaldan/heitan mat, þvottaaðstöðu, sturtur, geymslupláss og auk þess aðstoða einstaklinga til að ná utan um sín mál, fara yfir stöðu hvers og eins og styðja viðkomandi til að taka raunhæf skref í átt að bata.

Félagsheimili með starfsstöðvum er ætlað einstaklingum sem eru félagslega einangraðir, v/ fátæktar, eru t.d. öryrkjar, á félagsbótum, sem eru heimilisláusir, t.d. búa á áfangaheimilum eða á sófanum hjá vinum/ættingjum eða eru í sjálfstæðri búsetu, einstaklingum með áfalla- og/eða fíknisögu og eru edrú.

Aðaláherslan er félagsleg einangrun og að vilja rjúfa hana og komast út úr henni með virkni og stuðningi. Að vilja t.d. hafa eitthvað fyrir stafni yfir daginn, vilja vera í félagsskap sem skilur þig og er að takast á við svipað og þú, vilja ná að stíga fleiri skref en að vera edrú, einnig að vilja læra að horfa heildrænt á stöðu sína og fá aðstoð til að tækla daglegt líf og samskipti við sjálfa/-n sig og aðra.

Félagsheimilið verður vettvangur til að skapa tækifæri að uppbyggjandi og langtíma lausnum, fyrirlesturum, námskeiðum og vinnustofum fyrir félagsmenn.

Áfangaheimili yrðu næstu skref. Allt of margir einstaklingar hafa ekki fastan eða viðunandi samastað. Allt of margir einstaklingar fara í meðferð eftir meðferð og annað hvort bíður þeirra gatan, sófi út í bæ eða heimili þar sem þeir eru félagslega einangraðir. Allt of margir ná ekki fótfestu þrátt fyrir langtíma endurhæfingu vegna geðræns- og líkamlegs ójafnvægis, meðferð við áfengis- og/eða fíknivanda og allt of margir hafa ekkert að gera á daginn.

Þrepaskipt áfangaheimili Kærleikssamtakanna tákna að einstaklingur getur farið í gegnum þrepaskipta áfanga hjá sama aðila og þá samhliða öðrum meðferðum og úrræðum sem þörf er á. Þessir þrepaskiptu áfangar byggja á samstarfi við einstaklinga sem gera þeim kleift að vera meira með í ákvarðanatökum um sjálfa/-n sig frá byrjun til enda. Einnig að ýtt sé undir meiri stuðning með samstarfi við 3ja aðila sem einnig koma að einstaklingnum.

NIÐURLAG

Í fyrstu skýrslu stjórnar frá 2022, eftir að félagið varð almannaheillafélag (fta), er ítarlega farið yfir starf Kærleikssamtakanna frá upphafi sem er einnig að finna á vefsíðu félagsins. Er þar einnig fjallað um *nálgun og aðferð* sem samtökin nota, *virgni- og stuðningsúrræði* þeirra, *mannréttindakerfi og heildarlausnir samtakanna* og *mikilvægi vitundarvakningar* sem snýr að lausnum er tengjast áfallasögu fólks sem leitt hefur til frekari ójafnvægis á lífsleiðinni eða þegar fyrirsjáanlegt er að svo verði.

Vísað er á vefsíðu Kærleikssamtakanna til frekari lesningar um starf þeirra.

Með þökk,
Stjórn Kærleikssamtakanna

Kærleikssamtökin

Ársreikningur 2025

Kærleikssamtökin
Engihjalla 25
200 Kópavogur

Kt. 561215-1030

Efnisyfirlit

Áritun.....	Bls.	2
Skýrsla stjórnar.....	-	3
Rekstrarreikningur.....	-	4
Efnahagsreikningur.....	-	5
Skýringar.....	-	6
Sundurliðandir.....	-	7

Áritun

Til stjórnar Kærleikssamtakanna

Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreikning **Kærleikssamtakanna** fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn samtakanna er ábyrg fyrir gerð og fransetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 24. febrúar 2026

Skattur & bókhald


Arni Þór Hlynsson

Skýrsla stjórnar

Að álitum stjórnar **Kærleikssamtakanna** koma fram í ársreikningi þessum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2025.

Samtökin eru með aðsetur í Kópavogi og vinna að mannúðarmálum. Engin starfsmaður er á launaskrá hjá samtökunum.

Jákvæð afkoma varð af rekstri samtakanna á árinu 2025 að fjárhæð kr. 5.343.164. Uppsöfnuð afkoma í lok árs var um kr. 2.337.273. Að öðru leyti vísar stjórn samtakanna í ársreikninginn um breytingar á eigin fé þess.

Reykjavík, 24. febrúar 2026

Í stjórn

Sigurlaug J. Jónsdóttir

BTB

Ólafur Hjelm

Birna Hrafnisdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2025

Rekstrartekjur	Skýr.	2025	2024
Félagsgjöld.....		104.000	105.000
Styrkir.....		1.429.622	503.000
Vörusala.....		7.399.280	1.030.161
		8.932.902	1.638.161
Rekstrargjöld	3		
Vörunotkun.....		1.297.793	0
Skrifstofukostnaður.....		1.049.309	749.138
Annar rekstrarkostnaður.....		1.437.435	415.231
		3.784.537	1.164.369
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		5.148.365	473.792
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....		194.799	17.147
Afkoma ársins.....		5.343.164	490.939


 SGI
 BSB

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	31.12.2025	31.12.2024
Eignir		
Veltufjármunir		
Óinnheimt endurgreiðsla virðisaukaskatts.....	33.801	6.826
Bankareikningur.....	<u>6.460.637</u>	<u>1.115.768</u>
Veltufjármunir	<u>6.460.637</u>	<u>1.115.768</u>
Eignir samtals	<u>6.494.438</u>	<u>1.122.594</u>
Eigið fé	2	
Uppsöfnuð afkoma.....	(3.005.891)	(3.496.830)
Afkoma ársins.....	<u>5.343.164</u>	<u>490.939</u>
Eigið fé	<u>2.337.273</u>	<u>(3.005.891)</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Skuldir við tengda aðila.....	1.401.726	1.401.726
Viðskiptaskuldir.....	30.439	31.759
Ýmsar skammtímaskuldir.....	<u>2.725.000</u>	<u>2.695.000</u>
Skammtímaskuldir	<u>4.157.165</u>	<u>4.128.485</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>6.494.438</u>	<u>1.122.594</u>

OF
SGT
BTT

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningur *Kærleikssamtakanna* er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Sjóður og óbundnar bankainnistæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi.

Eigið fé

2. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Uppsöfnuð afkoma
Yfirfært frá fyrra ári.....	(3.005.891)
Afkoma ársins.....	5.343.164
	<u>2.337.273</u>

Önnur mál

3. Hjalagt eru sundurliðanir með rekstrarreikningi.

Sundurliðanir

Vörunotkun	2025	2024
Vörusala pennar.....	655.901	0
Vörusala bækur.....	641.892	0
	<u>1.297.793</u>	<u>0</u>
Skrifstofukostnaður		
Ritföng, pappír og prentun.....	162.881	35.378
Auglýsingar.....	34.000	35.120
Funda- og viðskiptakostnaður.....	0	72.457
Námskeið.....	0	142.200
Rekstur tölvubúnaðar- posaleiga.....	246.016	0
Rekstur tölvubúnaðar.....	606.412	463.983
	<u>1.049.309</u>	<u>749.138</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Rekstur bifreiða.....	53.805	36.098
Styrkir og gjafir.....	1.136.926	228.174
Aðkeypt þjónusta.....	134.557	115.000
Gjaldfærð áhöld.....	13.850	22.345
Bankakostnaður.....	98.297	13.614
	<u>1.437.435</u>	<u>415.231</u>

OF
SG
BTB